

Sp.

63. Tillaga til þingsálvktunar

[57. mál]

um lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans.

Flm.: Björn Pálsson, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að dráttarvextir í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans verði lækkaðir úr 1% á mánuði í $\frac{3}{4}$ % á mánuði, eða sem svarar í 9% á ári.

Greinargerð.

Till. þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

Árið 1960 voru vextir af vixlum hækkaðir um 4%, en vextir af stofnlánum til landbúnaðar og sjávarútvegs um $2\frac{1}{2}$ %. Vextir af vixlum hafa verið lækkaðir úr 12% í 9%, en vextir af stofnlánum til landbúnaðar og sjávarútvegs hafa ekki verið lækkaðir. Dráttarvextir af stofnlánum hafa einnig haldizt óbreyttir og eru nú 1% á mánuði. Lítil vanskil eru við stofnlánadeild Búnaðarbankans, og þar hafa dráttarvextir verið innheimtir með nokkurri vægð. Við fiskveiðasjóð hefur hins vegar verið mikill dráttur á greiðslum, og þar er ríkt eftir því gengið, að dráttarvextir séu greiddir að fullu, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum. Vafalaust er tilgangurinn með háum dráttarvöxtum að ýta á eftir lánþegum með skilsemi. Flestir eru þannig gerðir, að þeir reyna að greiða umsamdar skuldir, ef þeir geta. Bankastjórar vita oftast um, hvort getuleysi veldur vanskilum eða hirðuleysi er um að kenna. Valdi vanræksla vanskilum, er þeim í sjálfsvald sett að ganga að veðinu og þurfa ekki á háum dráttarvöxtum að halda til þess að knýja lánþega til að inna greiðslur af hendi. Valdi getuleysi vanskilum, gera óhóflegir dráttarvextir aðstöðu lánþegans erfiðari, draga úr kjarki og valda vonleysi, sem er það lakasta bæði fyrir lánþega og lánardrottin.

Bændur og útgerðarmenn greiða árlega riflegar fjárhæðir í stofnlánasjóði landbúnaðar og sjávarútvegs. Sanngjarnt er því, að hófs sé gætt í vöxtum af stofnlánum til þeirra. Þeir, sem eru fjárhagslega vel stæðir, greiða umsamda vexti og afborganir í flestum eða öllum tilfellum, þá skiptir það engu, hve háir dráttarvextir eru. Án efa eru útvegsmenn mishæfir til að stjórna atvinnufyrirtækjum, en aðstaða þeirra er einnig mjög misjöfn og breytileg. Með háum dráttarvöxtum er í flestum tilfellum niðzt á þeim, sem lakasta aðstöðu hafa. Alþingi og ríkisstjórn ber því að hlutast til um, að því verði breytt, því að þar er um óviturlegan og ómannlegan verknað að ræða.